



Fundargerð 17. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom - þriðjudaginn 8. ágúst kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH) og Björgvin Jónsson (BJ) starfsmaður AKÍS.

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR)

Fjarverandi: Halldór Jóhannsson (HJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ) varamenn.

BJ ritaði fundargerð.

1. Styrktar fyrirspurn

Stjórn ræddi styrktar fyrirspurn frá ungum keppanda í gokart. BJ svarar erindinu á þá leið að afreksstarf AKÍS sé í mótun og að eins og sakir standa höfum við ekki tók á beinum fjárhagslegum styrk til handa honum.

2. Bréf frá FIA vegna umhverfisstefnu

Bréf frá FIA er lagt fram - [sjá hér](#). BJ og TMP halda áfram með vinnu og koma með tillögum að uppfærðri umhverfisstefnu AKÍS.

3. Reikningur vegna RIG 2023

Rætt var ógreiddur reikningur frá ÍBR vegna RIG 2023. Óskum eftir því að fá frekari svör og staðfestingu frá ÍBR að AKÍS hafi samþykkt greiðslu þátttökugjalds.

4. FIA Immersion

Hanna Rún Ragnarsdóttir hefur óskað eftir stuðningi stjórnar AKÍS til að senda inn umsókn sína, sem er samþykkt.

5. 2024 FIA Motorsport Funding Program

Opið er fyrir umsóknir um styrki frá FIA í verkefni á vegum sambandsins og aðildarfélaga þess fyrir árið 2024. Lokadagur umsókna er 15. september næstkomandi.

Fyrir þessa úthlutun er verið að horfa til verkefna sem eru innan eftirtalinnna flokka:

- Þróun akstursíþróttar
- Öryggi
- Jafnrétti, fjölbreytni og aðgreiningar laust (Equality, Diversity & Inclusion)

Ákveðið var að senda beiðni og biðja keppnisráðin ásamt félögunum að koma með hugmyndir að styrkjarhæfum verkefnum fyrir 19. ágúst.



6. Aðgerðarlisti stjórnar

Ákveðið að starfa eftir núverandi lista og þeim áherslum sem stjórnarmenn hafa sett við mál á honum. Ákveðið að taka fyrir eitt til tvö mál af honum á næstu stjórnarfundum, sem ekki eru þá þegar í farvegi hjá AKÍ.

7. Önnur mál

Sérstök dómnefnd: Stjórn þykir miður hve langt hefur um liðið frá því að þetta mál var sent til dómnefndar án þess að hafa fengið niðurstöðu. Stjórn er verulega farið að lengja eftir því að niðurstaða fáiast og vonast til að heyra frá dómnefnd hið allra fyrsta.

Fyrirspurn 'Veltibúr í spyrnubíla' vegna breyttra tímaviðmiða NHRA: Pósti verður svarað og óskað eftir tengli á þessa reglu breytingu NHRA

Fundi slitið kl. 21:16
